


Bæjarstjórn Kópavogs
Digranesvegur 1
200 Kópavogur



Egilsstöðum 9. maí 2023

Efni: Héraðsskjalasafn Kópavogs

Stjórn Félags héraðsskjalavarða á Íslandi fer fram á það við bæjarstjórn Kópavogs að ákvörðun um lokun Héraðsskjalasafns Kópavogs verði endurskoðuð.

Héraðsskjalasafn Kópavogs hefur verið í hópi fremstu héraðsskjalasafna hvað varðar fagleg vinnubrögð og þjónustu. Undanfarin ár og áratugi hefur Kópavogsbær fjárfest í húsnæði, búnaði og mannauði til þess að halda með sóma utan um opinber skjöl sveitarfélagsins, einkaskjöl og ljósmyndir og þannig tryggt íbúum öruggt aðgengi að gögnum sem varðað geta réttindi þeirra til langrar framtíðar, en einnig varðveislu sögu bæjarfélagsins þannig að sómi hefur verið að. Með því að leggja safnið niður nú er þessum ávinningi teft í tvísýnu og verulegar fjárfestingar ónýtast.

Hvað þetta varðar hefur Kópavogur staðið frammar mörgum nágrannasveitarfélögum sínum sem eru í mun verri stöðu hvað varðar langtímarvarðveislu skjala og sögulegra heimilda. Stjórn Félags héraðsskjalavarða á Íslandi hvetur bæjarstjórn Kópavogs til að kanna fremur þann möguleika að stofna sameiginlegt héraðsskjalasafn nokkurra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, sem byggja mætti á grunni Héraðsskjalasafns Kópavogs. Þannig mætti dreifa kostnaði af rekstri safnsins á fleiri hendur og ná með heildstæðari hætti utan um sögu svæðisins.

Þá vill stjórnin benda á að Héraðsskjalasafns Kópavogs hefur verið eitt af leiðandi söfnum í verkefni um móttöku rafrænna skjalasafna frá afhendingarskyldum aðilum. Hvað það varðar standa héraðsskjalasöfnin í sameiningu ekki verr að vígi en Þjóðskjalasafn Íslands og telja má öruggt að það verði fjárhagslega hagkvæmara fyrir sveitarfélögin til lengri tíma lítið að halda sjálf utan um vörslu sinna rafrænu gagnasafna, fremur en að fela það verkefni ríkisstofnun sem innheimta mun samkvæmt gjaldskrá sem sett verður af ríkisvaldinu.

Stjórn Félags héraðsskjalavarða vill jafnframt gera alvarlegar athugasemdir við þær forsendur ákvörðunarinnar sem fram koma í skýrslu þeirri sem KPMG tók saman og vísar í þeim efnum til athugasemda þeirra sem Hrafn Sveinbjarnarson héraðsskjalavörður gerði við þá skýrslu. Þær einar og sér ættu að gefa tilefni til að endurskoða ákvörðunina um lokun safnsins.

F.h. stjórnar Félags héraðsskjalavarða á Íslandi

Stefán Bogi Sveinsson
Héraðsskjalavörður
Héraðsskjalasafn Austfirðinga